


Læsisáætlun Grandaborgar



Læsisáætlun Grandaborgar

Í umræðu um læsi og lestur er mikilvægt að horfa á þetta tvennt sem samofna heild. Sérstaklega vegna þess að læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri sem felur í sér málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi. Í samfélaginu er kallað á að einstaklingur sé með góða færni í menningarlæsi, miðlalæsi og tölvulæsi ekki síður en í bóklæsi.

Í lögum um leikskóla segir: „Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta“ (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er læsi einn af grunnþáttunum en „læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“.

Hlutverk leikskóla varðandi læsi leikskólabarna felst meðal annars í því að vera í góðu samstarfi við foreldra um nám barnanna ekki síður en í samstarfi við önnur skólastig. Nám leikskólabarna fer fram í gegnum leik og árangursríkasta námið á sér stað í leik sem felur í sér gagnvirkar samræður, vitsmunalega reynslu og uppbyggingu nýrrar þekkingar sem leiðir til sameiginlegs skilnings á viðfangsefninu (Anna Magnea Hreinsdóttir, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2010).

Hlutverk foreldra eða heimilis er ekki síður mikilvægt en hlutverk leikskóla til að efla læsi barna, vegna þess að foreldrar eru uppalendur sinna barna og þekkja þau best. Leikskólinn er síðan viðbót við það uppeldi og í samvinnu er markmiðið að efla færni hvers og eins til að vera læs í víðum skilningi þegar leikskólagöngu lýkur

Skóla- og frístundasvið (SFS) Reykjavíkurborgar leggur til að allir leikskólar geri áætlun um læsi sem byggir á læsisstefnu leikskóla „[Lesið í leik](#)“ og [aðalnámskrá leikskóla](#). Í stefnu SFS er farið fram á að lagður sé öflugur grunnur að bernskulæsi (*emergent literacy*). Á *Lesvefnum* (e.d) hefur bernskulæsi verið skilgreint meðal annars þannig að það feli í sér ákveðna færni, þekkingu og viðhorf sem þroskast sem undanfari eiginlegs lestrar og ritunar. Hugmyndin er að ung börn byggja upp þekkingu í gegnum uppgötvanir um ritmálið í umhverfi sínu og ekki síst í gegnum bóklestur og málhvetjandi samskipti við fullorðna og önnur börn.

Svokallaðar vörður á leið til læsis, sem er að finna í læsisstefnu SFS, eru hafðar til hliðsjónar við gerð læsisáætlunar Grandaborgar og verður stuðst við níu vörður af tíu. Læsisáætlun Grandaborgar var unnin af stjórnendateymi leikskólans skólaárið 2015-2016 og lásu kennarar og fulltrúar foreldraráðs yfir hana.

1. Þættir máls og læsis – hlutverk kennara

Orðaforði og málskilningur

- Áhersla á að kennarar/starfsmenn séu til staðar og leggja orð á hluti og athafnir, auðgi leikinn hjá börnunum með hugmyndum og samræðum.
- Útskýra texta sem er sýnilegur í umhverfinu eða lesinn fyrir börnin.
- *Orðaspjall* (Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2013) er notað markvisst í daglegu starfi.

Máltjáning og frásagnarhæfni

- Nota opnar spurningar sem gefur börnunum tækifæri til að svara með setningum, að þau upplifi að á þau sé hlustað og þau hafi eitthvað til málann að leggja.
- Samtöl við einstaka barn eða hóp um tilfinningar, upplifanir, sjónarmið, heimspekilegar vangaveltur er hluti af daglegum samskiptum.
- Nýta allar stundir til samtala og samræðna t.d. í fataherbergi og við matarborðið.

Hlustun og hljóðkerfisvitund

- Markviss málörvun flettast inn í daglegt starf leikskólans en einnig skipulagðar stundir á öllum deildum.
- Andrúmsloft leikskólans er með þeim hætti að það gerir leikskóladvölinu þægilega og áhugaverða.
- Útbúa vinnustundir þannig að þær henti hverju og einu barni hvort sem það er í einstaklingsvinnu eða hóp.
 - o Vinna með rím, atkvæði og klappa samstöfur
 - o Sundurgreining og samsetning orða
- Hvetja til söngs, kenna þulur og ljóð sem styrkja börnin í hljóðkerfisvitund.
- Kennari sé virkur hlustandi og geri samskipti að jákvæðri upplifun.
- Setja orð á athafnir t.d. þegar verið er að aðstoða börnin við daglegar athafnir og í frjálsum leik.

Ritmál

- Ritmálið er gert sýnilegt með því að setja orð á hluti sem eru í umhverfi barna.
- Kennarinn er hvetjandi með því að með því að merkja verk barnanna, skrá niður frásagnir vegna þess að þá upplifa börnin að hægt er að breyta hugsun í texta.
- Hvetja börnin til að merkja verkefni sín sjálf.

2. Aðgengi að efnivið og þekkingu

Bókakrókar – bókahillur – tæknilegur efniviður

- Börnum kennt að umgangast bækur af virðingu og bókakrókar/bókahillur eru með þeim hætti að börnin eiga auðvelt með að meðhöndla bækurnar þegar þau eru að skoða og/eða lesa þær.
- Bækur eru aðgengilegar og aðgengið á að vera mál- og læsishvetjandi bæði í leik og skipulögðu starfi.
- Efniviður tekur mið af því að unnið er með mál og læsistengda þætti í daglegu starfi sem og sérskipulögðum stundum t.d. útikennslu, hreyfingu, myndlist
- Tæknimiðlar geta auðgað mál og læsi. Hann er í boði fyrir börnin undir ákveðnu eftirliti.

Fjölmennning

- Bækur eru með fjölbreyttu sniði og er mikilvægt að hafa í huga að notkun þeirra í samverustundum taka mið af þörfum og þroska hvers og eins.
- Vinna með bakgrunn, reynslu og menningu hvers og eins eykur víðsýni barna og verður oft kveikjan að því að kynna sér nýja hluti á margvíslegan hátt.

3. Barnabókmenntir

Lestrarstundir

- Skipulagðar, markvissar lestrarstundir eru hluti af samverustundum í leikskólanum.
- Lestrarstundir eru einnig óundirbúnaðar og sjálfspottnar.
- Lestrarstund fyrir einstaka barn eða fámennan hóp er notuð til að skapa þægilegt andrúmsloft.
- Lestrarstundir út frá myndum auðvelda samveru í fjölmennningarlegu umhverfi.
- Bókasöfn eru heimsótt og ef að lestrarstundir eru í boði eru þær nýttar vegna þess að þær eru upplifun á öðru umhverfi og sjónarhorni en þau þekkja úr leikskólanum.

Menning

- Við venjum börnin við að bækur eru stór þáttur menningar okkar og í fjölmennningarlegu umhverfi þá skoðum við og lesum bækur frá mismunandi menningarheimum.
- Við lærum að lesa í menninguna með því að kynna okkur það sem nánasta umhverfi leikskólans hefur upp á að bjóða.
- Við heimsækjum staði sem auka víðsýni barna og hvetur þau til að afla sér enn meiri þekkingar.

4. Söngur og kveðskapur

Söngur og kveðskapur er stór þáttur í leikskólastarfi. Læsi á ljóð, kveðskap, þulur, rímur og almennan söng er daglegur þáttur í öllu leikskólastarfi. Farið er eftir leiðum sem aðstoða okkur við að öðlast færni í að efla hljóðkerfisvitund, þekkja mállhljóð, auka við orðaforða og framburð, auka málskilning og efla minni.

- Við syngjum lög tengd þemum, árstíðum, viðburðum.
- Við æfum þulur, rímur og ljóð í smærri hópum.
- Við syngjum og kynnum það sem við erum að læra í sameiginlegri söngstund einu sinni í viku.

5. Samstarf við foreldra

Leikskólaganga barna er samvinnuverkefni heimilis og skóla. Mikilvægt er að leikskólinn hafi frumkvæði á samstarfi um eflingu læsis.

Reykjavíkurborg gefur út bæklinga um málproska barna „[Málproski - sameiginleg ábyrgð](#)“ á skólastigum sem þeim tilheyra. Bæklingarnir eru til á nokkrum tungumálum sem auðveldar foreldrum tvítyngdra barna að aðlagast íslensku málumhverfi.

6. Fjölbreytt samstarf

Leikskólar eiga í fjölbreyttu samstarfi utan veggja leikskóla. Samstarfið er við aðra leikskóla, önnur skólastig, tónlistaskóla, félagasamtök og hinar ýmsu menningarstofnanir. Markmið með samstarfi er að efla börnin í að vera læs á umhverfi sitt, auka hjá þeim viðsýni og kynna fyrir þeim það sem nærumhverfið hefur uppá að bjóða.

Önnur skólastig

- Grandaskóli er heimaskóli Grandaborgar og eru gagnkvæmar heimsóknir, elstu barna leikskólans og kennara/starfsmanna, yfir allt skólaárið

Menning, listir og tómstundir

- Heimsóknir á margvísleg söfn
- Sýningar og viðburðir tengda menningu
- Söngstundir hjá eldri borgurum í næsta nágrenni

7. Börn með annað móðurmál en íslensku

Tvítyngi – fjöltyngi

- Við styrkjum börn í að tala íslensku en hvetjum þau til að tala sín á milli ef um fleiri börn með sama móðurmál er að ræða.

- Við vinnum með börn með annað móðurmál með markvissum hætti út frá aldri og þroska í samráði við ráðgjafa SFS.

8. Áhugi, reynsla, menning og þekking barna

Barnið er miðpunktur daglegra athafna

Með því að fylgjast með börnum í leik, í samskiptum, í skipulögðum og óskipulögum aðstæðum þá verður til þekking sem auðveldar kennurum að auka við færni, þekkingu og áhuga barna. Læsi í viðum skilningi er haft að leiðarljósi og helsta markmiðið er að gera börnin örugg í sínu umhverfi.

Mikilvægt er að kennarar séu meðvitaðir um virkni allra barna í umræðuhópum. Með því að bjóða þeim uppá margbreytilegan efnivið, hvetja þau til að mynda sér skoðanir á því sem er að gerast í umhverfi þeirra aukast líkur á að þau ræði sín á milli um málefni sem eykur víðsýni þeirra (Þórdís Þórðardóttir, 2012).

- Kennari er nálægur í leik og getur gripið inn í til að auka við færni þeirra hvort sem um ræðir málþroska, félagsfærni og samskipti,
- Kennari leggur til efnivið og hugmyndir og leyfir síðan hugmyndafluginu að ráða ferðinni í öllum aðstæðum.
- Kennarar gefa börnum tækifæri til að taka þátt í skráningum hvort sem um ræðir máli og/eða myndum vegna þess að það styrkir börnin í að koma sér á framfæri í hóp eða í aðstæðum sem þau eru ekki vön að tjá sig.
- Kennari sýni öllum áhugamálum barna áhuga og hvetur þau til að láta sínar skoðanir í ljós. Um leið kennum við þeim að það eru ekki allir eins og áhugamál okkar eru mismunandi.

9. Framfarir barna

Mat á færni í málþroska er einn hluti þess að fylgjast með framförum í þroska barna. Í foreldraviðtölum er farið yfir markmið skólaársins og inn í það markmið flettast væntingar foreldra. Yfir skólaárið er stuðst við *Viðmið fyrir læsi*, sem er gátlisti á bls. 16 í [Lesið í leik – læsisstefna leikskóla](#). Auk hans skrá starfsmenn framfarir með reglulegu millibili. Það tækifæri gefst þegar kennarar/starfsmenn taka þátt í leik barnanna. Þá eru þau í eðlilegu umhverfi og styrkur þeirra og veikleiki kemur í ljós.

Kennarar hafa sótt sér réttindi til að geta notað verkfæri sem hjálpa þeim að greina styrkleika og veikleika barna í Grandaborg. Verkfæri eins og;

- *HLJÓM2* sem er notað er til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna á ákveðnu aldursbili.
- *EFI-2* er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða aldursári.
- *TRAS* er skráning á málþroska ungra barna.

- *Barnið í brennidepli, árangursvísir 3.3 og 6.2* eru notaðir til að meta hvort leikskólinn mætir þörfum barna hvað varðar læsi.

Kennarar notast einnig annars konar verkfæri til að kanna færni nemenda:

- *Íslenski þroskalistinn og Íslenski smábarnalistinn* er gátlisti sem notaður er til að kanna málþroska ekki síður en almennan þroska barna.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Sótt 20. nóvember 2015 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/nr/3952>

Anna Magnea Hreinsdóttir, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Leikur – ritmál – tjáning. Starfendarannsókn um aukið samstarf leikskóla og grunnskóla. *Netla, vef tímarit um menntun*. Sótt 20. nóvember 2015 af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/003.pdf>

Árdís Hrönn Jónsdóttir. (2013). *Orðaspjall – að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bókalestri*. Reykjanesbær: Leikskólinn Tjarnasel.

Lesvefurinn – um læsi og lestrarerfiðleika (e.d.). Bernskulæsi. Hvað er bernskulæsi? Sótt 23. nóvember 2015 af <http://lesvefurinn.hi.is/node/135>

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Þórdís Þórðardóttir. (2012). *Menningarlæsi: Hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun telpna og drengja í tveimur leikskólum*. Reykjavík: Háskóli Íslands.